

Fréttir úr Tungumálaveri



Digital resa í de nordiska lönderna er eTwinning verkefni sem nemendur norsku og sænsku vinna þennan mánuðinn í samvinnu við nemendur frá Danmörku og Finnlandi. Nemendur í elstu bekkjum grunnskóla munu vinna saman í tíu 5 manna hópum. Hver hópur er skipaður nemendum frá öllum þjóðunum. Hópunum er ætlað að reyna að átta sig á hvað líkt er og ólíkt með þjóðunum fimm. Lögð er áhersla á að þeir kynnist öllum norrænu tungumálunum og vinni verkefni sem tengjast þeim. Hver hópur velur áherslur og efni og hafa þar úr miklu að móða: s.s. frægar persónur (kändisar), fréttir, áhugaverðir staðir og viðburðir í nútíð og fortíð. Vinnan fer fram í TwinSpace. Þetta er í annað sinn sem sem norsku- og sænskunemendur taka þátt í samvinnuverkefni þvert á landamæri Norðurlanda. Þá var samvinnuvettvangurinn wiki-síður. Afrakstur eTwinning verkefnisins verður kynntur á heimasíðu.

eTwinning er áætlun ESB um rafrænt skólasamstarf í Evrópu. TwinSpace er einskonar rafræn kennslustofa sem auðveldar verkefnavinnuna og allt utanumhald samvinnunnar. TwinSpace er öruggt svæði þar sem einungis viðkomandi nemendur og kennarar hafa aðgang.



Fyrsta **munlega verkefni** ársins hjá 10. bekk í norsku er að halda áramótaræðu. Þeir velja sér hlutverk: *yfir-kokkur* í stóru eldhúsi, *formaður Nordmannslaget* sem er félagskapur Norðmanna á Íslandi, *formaður unglingsdeildar Fáks* — eða einhvers annars félagskappar. Nemendur hringja í kennarann og flytja ræðuna, sem þeir eru búnir að æfa heima. Áður hafa þeir hlustað á áramótaræðu Haraldar Noregskonungs og hafa því góða fyrirmynd að eigin ræðu og einnig hafa nemendur unnið fjölbreytt verkefni sem tengjast áramótapemanu.

Viðburðir

15. og 17. febrúar verður Valentínusardagskrá hjá 7. og 8. bekk í pólsku.

Fyrsti liður á dagskrá er að **skrifa Valentínuskort**. Síðan verður farið í leiki:

- **Brotin hjörtu:** nemendur brjóta hjörtu í tvennt. Helmingarnir eru settir í hatt. Nemendur draga einn helming úr hattinum, ganga um og finna þann sem hefur hinn helming hjartans.
- **Funny monkeys:** Einn nemandi fær það hlutverk að leika einn úr bekknum – hinir eiga að geta um hvern er að ræða. Að lokum verður sýnd stutt kvikmynd „Hamingjusamur maður“. Í myndinni rætast draumar hjá lötum dreng.

15.—19. febrúar verður að venju haldin **Norsk-sænsk kvikmyndavika** þar sem norsku- og sænskunemar kynna norrænum kvikmyndum og kvikmyndahefð.

Í dagsins önn

- Þorbjörg Þorsteinsdóttir er komin til starfa í Tungumálaveri. Hún vinnur að Tungumálatorginu sem er þróunarverkefni sem lýtur að málefnum íslenskrar tungu fyrir innflytjendur og snúbúa.
- Styrkur til Tungumálatorgsins fékkst úr Sprotasjóði.
- Erika og Gry sóttu BETT sýninguna í London.

Lærðu ástarpólsku!

Walentynki - Valentínusardagur
 Kocham Cię - ég elska þig
 Listy miłosne - ástarbréf
 Święty Walenty - Valentín
 Serce - hjarta
 Miłość - ást
 Zakochani - ástfangnir
 Czerwone róże - rauðar rósir

